**Nd.** **717. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 682 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr. hljóðar svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra.